

## AUGLÝSING

### um staðfestingu reglna um úthlutun úr húsafriðunarsjóði.

Með vísan til 9. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 staðfestast hér með reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði, dagsettar 30. maí 2014 og birtast sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 182/2013 um staðfestingu reglna um úthlutun úr húsafriðunarsjóði, dags. 25. febrúar 2013.

*Forsætisráðuneytinu, 30. maí 2014.*

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.**

*Ragnhildur Arnljótsdóttir.*

### Fylgiskjal.

#### Reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði.

##### 1. gr.

##### *Hlutverk húsafriðunarsjóðs.*

Hlutverk húsafriðunarsjóðs er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja. Sjóðurinn veitir styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Um húsafriðunarsjóð gilda ákvæði X. kafla, 43. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012 ásamt c- og d-lið 9. gr. sömu laga.

##### 2. gr.

##### *Styrkveitingar úr húsafriðunarsjóði.*

Minjastofnun Íslands úthlutar styrkjum úr húsafriðunarsjóði að fenginni umsögn húsafriðunarnefndar, sbr. d-lið 9. gr. laga nr. 80/2012. Sækja skal um styrk á þar til gerðum eyðublöðum. Ef umsókn er ekki fullnægjandi að mati Minjastofnunar Íslands, skal viðkomandi gefinn kostur á að lagfæra en að öðrum kosti skal hún ekki tekin til greina.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildi hennar fyrir varðveislu byggingararfleifðarinnar.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi sér ekki úthlutaðan styrk á sama ári og honum er úthlutað, fellur styrkur niður. Heimilt er, vegna sérstakra aðstæðna, að veita frest til greiðslu styrks til loka næsta árs á eftir úthlutun, enda hafi borist formleg beiðni þess efnis frá styrkþega til Minjastofnunar Íslands fyrir lok úthlutunarárs.

Úthlutun styrkja skal að öðru jöfnu ákveðin fyrir 15. mars ár hvert.

##### 3. gr.

##### *Auglýsing um styrki húsafriðunarsjóðs.*

Minjastofnun Íslands skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði eigi síðar en 15. október ár hvert vegna styrkja næsta árs. Auglýsa skal eftir umsóknum í dagblöðum, Lögbirtingablaði, Sveitarstjórnarmálum og á heimasíðu Minjastofnunar Íslands. Ennfremur auglýsir stofnunin eftir umsóknum í landshlutablöðum og ljósvakamiðlum eftir því sem þörf þykir.

Minjastofnun Íslands getur ákveðið, í samráði við húsafriðunarnefnd, að leggja áherslu á ákveðna þætti minjaverndar í úthlutun ársins.

## 4. gr.

*Almennt um umsóknir.*

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skulu fylgja greinargóðar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir. Sé umsóknir ekki skilmerkilega útfylltar eða í samræmi við kröfur getur Minjastofnun Íslands vísað þeim frá. Minjastofnun Íslands er heimilt að óska eftir frekari gögnum og upplýsingum eftir því sem þurfa þykir áður en til úthlutunar kemur.

Umsóknir skulu berast Minjastofnun Íslands eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Sé fyrirhugað að framkvæma verk sem sótt er um styrk til á mörgum árum skal umsækjandi gera grein fyrir áfangaskiptingu við verkið í heild sinni og kostnaði við það. Heimilt er að sækja um styrki fyrir aðra áfanga við næstu styrkveitingu. Minjastofnun Íslands er með styrkveitingu ekki skuldbundin til að veita styrki til seinni áfanga verksins.

## 5. gr.

*Greiðslur styrkja.*

Minjastofnun Íslands gerir samning um greiðslu styrks úr húsafriðunarsjóði, þar sem kveðið er á um greiðslufyrirkomulag styrksins. Sé styrkupp hæð 1,5 m.kr. eða lægri er ekki gerður samningur um greiðslu styrks en þess í stað gefið út styrkbréf með upplýsingum um greiðslu styrks og skilyrði fyrir lokagreiðslu.

Skilyrði fyrir lokagreiðslu styrks er að styrkþegi hafi skilað lokaskýrslu eða áfangaskýrslu sem Minjastofnun Íslands hefur samþykkt.

## 6. gr.

*Eftirlit Minjastofnunar Íslands.*

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkir hafi verið notaðir til þess sem getið var í umsóknum. Styrkþegum er skylt að kynna fulltrúa stofnunarinnar stöðu verksins sé þess óskað og afhenda henni eintak af uppdráttum og áætlunum stofnuninni að kostnaðarlausu.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að þær framkvæmdir sem hún styrkir séu viðunandi af hendi leystar og í samræmi við innsend gögn. Stofnunin eða fulltrúi hennar skal eiga greiðan aðgang að vinnustað meðan á framkvæmdum stendur.

Komi í ljós að styrk úr sjóðnum hafi ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir innan tveggja ára frá greiðslu hans eða vikið hafi verið frá upplýsingum í umsókn, skal styrkþegi endurgreiða styrkinn þegar í stað.

Samþykkt á fundi húsafriðunarnefndar 30. maí 2014.

*Staðfest af forsætisráðherra, 30. maí 2014.*

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2014